

Skólaráðsfundur

23. janúar 2025 kl. 8:15

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Kristín Hulda Halldórsdóttir og Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúar kennara, Manassa Qarni og Kristín Eva Harðardóttir fulltrúar foreldra og Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Skipulag skólaársins

Farið stuttlega yfir yfirstandandi skóladata. Opin foreldravika í mars. Farið yfir skólanámskrá á heimasíðu skólans og annað skipulag, s.s. lesfimi í Skólagátt.

2. Nýjar skólasóknarreglur

Nýjar skólasóknarreglur kynntar. Farið yfir verklag og eftirfylgni þegar skólasókn nemenda er ábótavant.

3. Lestrar- og heimanámsstefna

Lestrarstefna skólans er í sífelldri endurskoðun hjá Lestrarteymi sem ávallt er starfandi í skólanum. Heimanámsstefna hefur verið með óbreyttu sniði í nokkur ár. Stefnan á að tryggja heildstæða samfellu í heimanámi, þvert á námsgreinar.

Lestrar- og heimanámsstefna eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

4. Önnur mál

a) Agamál og talsmáti nemenda – mikil umræða um agamál nemenda sem er sístækkandi vandamál sem mikill tími fer í að vinna með í skólastarfi, hvort heldur sem er í skólanum sjálfum; kennslustundum, matsal, göngum eða í samskiptum við forsjáraðila nemenda.

Verri talsmáti og skeytingarleysi nemenda gagnvart mörgu fylgir þessum vanda.

b) Símanotkun – rætt um mikla símanotkun og vanda sem henni fylgir hjá börnum.

Fundi slitið kl. 9:40
Fundarritari: Hilmar Egill